

Ársskýrsla Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands – 2016

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Almennar upplýsingar	1
Fjármál	2
Áskriftir og innkaup	2
Kennsla	3
Erlent samstarf	4
Starfsmannamál	4
Húsnæði, tækjakostur og hugbúnaður	5
Viðaukar	6

Inngangur

Landspítali hefur rekið fagbókasafn frá árinu 1968, fyrst inni á spítalanum sjálfum en frá árinu 1986 í Eirbergi. Sumarið 2016 flutti starfsemin að Rauðarárstíg 10 vegna mikilla rakaskemmda og myglu í húsnæði safnsins í Eirbergi. Árið 1987 var gert samkomulag milli Ríkisspítala og Háskóla Íslands um þjónustu Bókasafns Landspítala við ákveðnar námsbrautir og kennslugreinar á sviði heilbrigðisvísinda. Í framhaldi af því var sett á fót samstarfsnefnd Ríkisspítala og Háskólans sem gera skyldi tillögur um framtíðarskipan bókasafnsþjónustunnar.

Árið 1993 var gengið frá samkomulagi á milli Bókasafns Landspítala og Háskólabókasafns, annars vegar um að útibú þess síðar nefnda á sviði hjúkrunarfræði, sem rekið hafði verið um árabil í Eirbergi (Hjúkrunarskólanum), rynni inn í rekstur Bókasafns Landspítala og hins vegar um greiðslur Háskóla Íslands vegna reksturs og þjónustu Bókasafns Landspítala. Sambærilegt samkomulag var gert varðandi þjónustu við læknadeild í upphafi ársins 1994. Bókasafn Landspítala starfaði síðan í samræmi við þetta allar götur til haustsins 2013 þegar loks var undirritaður formlegur samningur á milli rektors Háskóla Íslands og forstjóra Landspítala um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands sem gildir til ársloka 2018.

Almennar upplýsingar

Bókasafnið er nú til húsa að Rauðarárstíg 10, annarri hæð. Það er opið virka daga frá kl. 8 til 16 og síminn er 543 1450. Netfang er bokasafn@landspitali.is Vefsíða bókasafnsins er <http://bokasafn.landspitali.is>

Facebooksíða safnsins heitir [Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ](#)

Fjármál

Á árinu 2016 var rekstrarkostnaður Heilbrigðisvísindabókasafnsins um 104 milljónir króna. Þar af nam kostnaður við kaup rafrænna tímarita og annarra rafrænna gagna 102 milljónum króna. Það er tæplega 3 milljónum lægri upphæð en fyrra ár. Gengi krónunnar var mjög sterkt á árinu 2015 og koma því árlegar hækkanir útgefenda í erlendri mynt ekki fram í íslensku upphæðinni.

Launakostnaður vegna 5 starfsmanna í 4,8 stöðugildum nam um 50 milljónum króna á árinu.

Þjónustusamningar

Bókasafnið hefur um langt árabil gert samninga við stofnanir á heilbrigðissviði um aðgang að þjónustu safnsins og safnkosti. Á árinu 2016 voru gerðir átta slíkir samningar en þeim hefur fækkað mjög. Greiðslur vegna þeirra námu 3.855.000 krónum á árinu.

Áskriftir og innkaup

Gagnasöfn

Enginn nýr gagnagrunnur var tekinn í áskrift á árinu. Árið 2015 var gerður þriggja ára samningur um aðgang að Scopus árin 2016-2018. Undir árslok 2016 var gerður landsaðgangssamningur um aðgang að Scopus og rann því samningur Heilbrigðisvísindabókasafns út í árslok 2016. Bókasafnið mun því greiða fyrir Scopus í gegnum aðild sína að landsaðgangi frá og með 2017.

Þá tók gildi samningur sem gerður hafði verið síðla árs 2015 og sagt var frá í árskýrslu fyrra árs, um aukinn aðgang að UpToDate, þ.e. UpToDate Anywhere sem t.d. leyfir aðgang í snjalltækjum. Sést vel á notkunartölum að þessi aukni aðgangur hefur fallið viðskiptavinum safnsins vel í geð.

Lista yfir gagnasöfn í áskrift er að finna á þessari slóð: <http://bokasafn.landspitali.is/?PageID=15490>

Rafbækur

Engin rafbók bættist við safnkostinn á árinu. Bókasafnið á eða hefur í áskrift u.þ.b. 400 rafbækur. Stærsti hlutinn er bækur í eigu safnsins en þær eru margar orðnar æði gamlar. Rafbókakosturinn þarfnast grísjunar.

Rafbækur má nálgast á þessari slóð: <http://bokasafn.lsh.is/thjonustur/upplysingabrunnur-bokasafnsins/?type=4>

Bækur, prentaðar

Á árinu 2016 voru keyptar 10 prentaðar bækur.

Tímarit

Fjöldi erlendra tímarita í áskrift bókasafnsins í árslok 2016 var 533 titlar. Þar til viðbótar hefur safnið tímarit í áskrift í gegnum samstarfið í Landsaðgangi. Allar erlendar áskriftir bókasafnsins eru rafrænar.

Engum tímaritum var sagt upp á árinu en tekin var ákvörðun um að taka nokkur ný tímarit í áskrift frá og með áramótum 2016/2017.

Eins og fyrri ár voru talsverðar verðhækkanir í áskriftartilboðum á milli ára og tóku samningaviðræður mikinn tíma. Í lang-flestum tilfellum tókst að fá lægri verðtilboð. Vegna mjög sterkrar stöðu krónunnar koma verðhækkanir í erlendri mynt ekki fram í íslenskum krónum talið. Safnið nýtir sér þjónustu birgja, LM Information Delivery A/S, til að sjá um áskriftir að stökum titlum hjá einstökum útgefendum en sér þó sjálft um nokkurn fjölda þar sem það er hagkvæmara. Þar fyrir utan er safnið með beina samninga við nokkra útgefendur um talsverðan fjölda tímarita, svo sem Springer-Nature, Elsevier-Science Direct og Wiley svo einhverjir séu nefndir. Á hverju ári er alltaf eitthvað um að tímarit flytjist á milli útgefenda. Þá gerist það einnig að tímarit færast inn í eða eru tekin út úr Landsaðgangssamningum og þarf að fylgjast mjög náið með því.

Samstarf um áskriftir

Heilbrigðisvísindasafnið tekur þátt í samstarfi um Landsaðgang að rafrænum gögnum. Greiðsluhluti Heilbrigðisvísindasafnsins árið 2016 var um 21.4 milljónir króna.

Þá er áskrift að Cinahl greidd sameiginlega af safninu, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Háskólanum á Akureyri. Kostnaði hefur verið skipt í samræmi við notkun stofnananna.

EBM hluti gagnasafnsáskrifta hjá OVID/Wolters Kluwer hefur frá upphafi verið greiddur sameiginlega af Heilbrigðisvísindabókasafninu, Landlæknisembættinu, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Háskólanum á Akureyri. Vegna nýrra samninga milli útgáfufyrirtækisins Wiley sem á EBM grunnana og OVID/Wolters Kluwer verður 2016 síðasta árið sem þetta fyrirkomulag er viðhaft.

Kennsla

Bókasafns- og upplýsingafræðingar Heilbrigðisvísindabókasafns halda reglulega námskeið fyrir starfsfólk spítalans svo og nemendur hinna ýmsu deilda heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Námskeiðin fyrir háskólanemana eru hluti stærri vinnulagsnámskeiða sem kennarar háskólans skipuleggja. Annars vegar eru kenndar leitir í gagnasöfnum á sviði heilbrigðisvísinda og hins vegar notkun heimildarskráningarforrita. Nemendur hafa verið taldir í hvorum hluta fyrir sig enda sjá tveir starfsmenn safnsins um sinn hlutann hvor. Auk skipulagðrar kennslu sækja nemendur og starfsfólk frekari leiðsögn og aðstoð til bókasafnsfræðinga á safninu. Margir viðskiptavina safnsins eru hvoru tveggja í senn, starfsmenn og nemendur í æðra námi á heilbrigðisvísindasviði HÍ.

Námskeið fyrir starfsfólk LSH voru 12 á árinu og sóttu þau 128 starfsmenn sem er nokkur fjölgun frá fyrra ári.

Alls voru kenndar 124 kennslustundir innan vinnulagsnámskeiða deilda Heilbrigðisvísindasviðs HÍ á árinu 2016. Fjöldi háskólanema á námskeiðunum árið 2016 var 813. Er það fjölgun um 10 kennslustundir og u.þ.b. 80 nemendur frá fyrra ári.

Eftir að samningur um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands var undirritaður 8. nóvember 2013 hefur ekki verið rukkað fyrir þá kennslu sem innt er af hendi fyrir HÍ.

Erlent samstarf

Starfsmaður bókasafnsins, Sólveig Þorsteinsdóttir hefur verið er fulltrúi Íslands í Evrópuverkefninu OpenAIRE2020, en tilgangur þess er að vinna að framgangi opins aðgangs að vísindagreinum og vísindagögnum og varanlegri varðveislu þeirra. Upphaflega verkefnið, OpenAIRE Project hófst 2009 og hefur Landspítali tekið þátt frá 2011. Núverandi verkefni, sem hófst í janúar 2015 stendur í þrjú og hálft ár. Fulltrúi Landspítala er einn af 50 fulltrúum frá ESB og EES löndum sem taka þátt í verkefninu. Í hverju landi er s.k. NOAD, National Open Access Desk, og verkefni þeirra er að sinna upplýsinga- og fræðsluskyldu fyrir vísindasamfélagið í sínu landi og vinna að því að allar útgefnar vísindagreinar sem notið hafa styrks frá ESB/ERC séu birtar í opnum aðgangi eða lokahandrit vistað í viðurkenndu varðveislusafni. Fundir og vinnustofur eru nokkrar árlega sem og mánaðarlegir Skype fundir með norrænum kollegum.

Hliðarverkefni OpenAIRE2020 var Pasteur4OA, sem sagt var frá í skýrslu síðasta árs. Verkefnið hófst í desember 2014 og því lauk í maí 2016. Fulltrúi í Pasteur4OA hefur verið Anna Sigríður Guðnadóttir og fundaði hún einu sinni á árinu með norrænum kollegum. Aðalverkefni þessa hóps var að skipuleggja og halda málþing fyrir ráðafólk í stærstu rannsóknarsjóðum og háskólum Norðurlanda þar sem ræða skyldi opinn aðgang og stefnu varðandi opin rannsóknargögn. Það málþing var haldið í Kaupmannahöfn þann 17. mars 2016 í samstarfi við NordForsk og Norrænu ráðherranefndina og var vel sótt. Pasteur4OA hefur nú runnið inn í OpenAIRE verkefnið.

Nánari upplýsingar um ofangreind verkefni er að finna hér:

<https://www.openaire.eu/project-factsheets>

<http://www.pasteur4oa.eu/project#.VtV0-PmLTcs>

Starfsmannamál

Stærstan hluta ársins voru starfsmenn safnsins fimm talsins í 4,8 stöðugildum. Einn starfsmaður minnkaði starfshlutfall í 50% í október svo stöðugildin voru 4,3 í árslok 2016.

Bókasafns- og upplýsingafræðingar voru fjórir og einn bókmenntafræðingur. Stafsmenn árið 2016 voru Anna Sigríður Guðnadóttir, Fanney Kristbjarnardóttir, Guðrún Kjartansdóttir, Sigurbjörn Svanbergsson og Sólveig Þorsteinsdóttir.

Einn starfsmaður vann heima vegna heilsufarsástæðna er tengdust ástandi Eirbergs þar til starfsemin var flutt að Rauðarárstíg í júní. Einn starfsmaður fór í veikindaleyfi frá 1. júlí fram til ársloka.

Húsnæði, tækjakostur og hugbúnaður

Eins og fram kom í ársskýrslu fyrra árs þá uppgötvuðust miklar rakaskemmdir og mygla í húsnæði safnsins í Eirbergi á vormánuðum 2015 en þar hafði safnið verið til húsa frá árinu 1986. Hluta húsnæðisins var þá strax lokað bæði fyrir starfsfólki og safngestum. Ljóst var að ekki væri hægt að láta starfsfólk vinna í húsnæðinu við þessar aðstæður enda fundu margir starfsmenn fyrir einkennum, sumir miklum. Loks tókst um mitt ár 2016 að finna viðunandi húsnæði og flutti bókasafnið ásamt vísindadeildinni í rúmgott og þægilegt húsnæði á 2. hæð að Rauðarárstíg 10 í júní það ár. Lunginn af prentuðum safnkosti var skilinn eftir enda hvoru tveggja í senn mjög gamall og mjög mengaður eftir áralanga geymslu í kjallara Eirbergs. Þótt húsnæðið að Rauðarárstíg sé mjög ásættanlegt fyrir starfsfólk deildarinnar þá er því ekki að neita að bæði fjarlægðin frá Landspítalalóðinni og takmarkað pláss setja safninu skorður. Þannig koma mun færri gestir á safnið, bæði namar og starfsfólk, enda er t.d. engin hópvinnaaðstaða í boði á Rauðarárstíg eins og var svo vinsæl í Eirbergi.

Undir árslok 2016 var lokið við að útbúa litla kennslustofu þar sem settar voru upp 10 sýndartölvur sem áður höfðu verið í kennslustofu í Eirbergi. Lappað var upp á gamlan myndvarpa úr Eirbergi og hann settur upp í kennslustofunni. Í þeirri stofu eru einnig lesbásar sem nemendur geta fengið afnot af. Þráðlaust net LSH var sett upp á Rauðarárstíg sem virkar mjög vel.

Þá er fundarherbergi með nýjum skjávarpa á staðnum en tölvan sem ætluð var til að nota þar reyndist úr sér gengin og því er engin föst tölva í fundarherberginu. Tenging er fyrir fartölvur við skjávarpann.

Bókasafnið hefur notað s.k. Link Resolver¹ frá fyrirtækinu OVID um margra ára skeið, OVID LinkSolver. Hugbúnaður þessi hefur fylgt öðrum áskriftum hjá fyrirtækinu endurgjaldslaust en kallað á talsverða vinnu innan safnsins. Með fækkun starfsfólks bókasafnsins hefur utan um hald orðið örðugra og var því ákveðið á vormánuðum að innleiða annan hugbúnað. Sá hugbúnaður nefnist SFX og sér Landskerfi bókasafna um aðganginn að honum og þjónustu vegna hans. Undirbúningur innleiðingar hófst vorið 2016 en stöðvaðist síðan vegna veikindaforfalla viðkomandi starfsmanns bókasafnsins og tókst ekki að ljúka nauðsynlegum undirbúningi á árinu.

Þá er vert að nefna að hugbúnaðarkerfi það í Lotusnum sem heldur utan um greinabeiðnir og var smíðað innan LSH um aldamótin síðustu er á fallanda fæti og hrundi með reglulegu millibili á árinu líkt og undanfarin ár. Nauðsynlegt er að huga að þeim málum fyrr en seinna. Þá er enn ótalin netþjónninn Lerki sem settur var upp á svipuðum tíma og stýrir aðgangi starfsfólks og annarra viðskiptavina að gögnum safnsins þegar þeir eru staddir utan löglegra IP svæða. Aðgangskerfi Lerkis er barn síns tíma og nauðsynlegt að skoða möguleika til aðgangsstýringar sem bjóðast á markaði.

¹ Hugbúnaður sem t.d. tengir tímaritaáskriftir við færslur í gagnasöfnum s.s. PubMed

Prentaðar bækur keyptar 2016

1. Palliative Care/ Faull C & Blankley K (2015)
2. The inner life of the dying person/ Kellehear A (2014)
3. An introduction to infectious disease modelling/ Vynnycky E (2010)
4. Cell Membranes/ Buehler L. (2015)
5. The New Science of Ageing/ Walker A. Edt (2014)
6. Dementia Care: an Evidence-Based Approach/Ed.: Boltz M et al.
7. Older People and Migration: challenges for social work/Ed.: Lawrence S.
8. Essentials of Patient Education/Bastable S (2017)
9. Skills of clinical supervision of nurses: a practical guide for supervisees, clinical supervisors and managers/ Bond M et al (2011)
10. First steps in clinical supervision: a guide for healthcare professionals/ Cassedy P (2010)

Starfsemissupplýsingar

Lykiltölur	2016	2015
Afgreiddar greinar úr safnkosti LSH		
Til starfsmanna ofl.	433	320
Til bókasafna - innlendra og erlendra	77	86
Samtals:	510	406
Aðfengnar greinar, bækur ofl. frá öðrum söfnum¹⁾		
Fjöldi útlána á safnefni	222	353
Fjöldi keyptra prentaðra bóka	10	12
Fjöldi námskeiða og kynninga	12	12
Fjöldi þátttakenda á námskeiðum og kynningum	128	85
Kennslutímar fyrir Heilbrigðisvísindasvið HÍ	124	114
Fjöldi HÍ nema í kennslutímum	813	727
Hirsla fjöldi greina í árslok	5.965	5.557
Lerki heimsóknir	47.735	60.425
¹⁾ Innlend og erlend söfn		

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ	Fjöldi	Fjöldi
Notkun rafrænna tímarita og gagnasafna	jan.-des.	jan.-des.
	2016	2015
Rafræn tímarit - Helstu útgefendur. Fjöldi greina bæði HTML og PDF.		
AACR	976	1.003
AMA	4.763	4.236
ASM	1.344	1.092
BMJ Journals	6.274	7.000
Cambridge University Press	99	404
Cell Press	493	426
Ebsco Host**	4.810	6.134
Elsevier	27.963	27.803
JAMA	2.622	2.044
Karger*	1.597	1.801
Liebert	356	318
LWW	12.977	12.755
Mark Allen Group (Internurse)	122	124
Nature Publishing Group	7.259	7.558
NEJM	8.993	9.369
Ovid PsycARTICLES regular searches	1.360	1.131
Oxford University Press	9.185	8.388
ProQuest**	5.978	6.451
Springer*	6.427	3.843
Taylor & Francis	2.608	1.731
Wiley	2.753	2.819
Wiley-Blackwell*	19.785	20.852
*Beint frá útgefanda. landsaðgangur.		
**Ýmsir útgefendur, birtingartafir, landsaðgangur		
Samtals:	128.744	127.282
Gagnasöfn		
Best Practice (BMJ) (visits)	1.137	358
Cinahl (Ebscohost) (leitir)	16.077	17.402
Clinical Evidence (BMJ) (leitir)	178	129
EBM Reviews (leitir)	8.956	9.387
Global Health (leitir)	1.037	963
Joanna Briggs (leitir)	2.783	1.930
Natural Medicines (page views)	11.202	4.033
Ovid Medline (leitir)	4.919	5.963
PsycBooks (leitir)	1.048	1.002
PsycInfo (leitir)	1.854	4.455
Scopus (leitir)	5.762	6.821
UpToDate Anywhere (topic reviews)	77.954	59.674
Samtals:	132.907	112.117